




UMHVERFIS  
STOFNUN

# Landslagsverndarsvæði norðan Dyrfjalla og náttúruvættið Stórurð

## Aðgerðaáætlun




UMHVERFIS  
STOFNUN

# Um aðgerðaáætlunina

Aðgerðaáætlun þessi er forgangsröðun þeirra aðgerða sem brýnast er að fara í til að verndargildi svæðis norðan Dyrfjalla og Stórirurðar haldist. Aðgerðirnar miða jafnframt að því að viðhalda og bæta upplifun og öryggi gesta svæðisins. Aðgerðirnar styðja við leiðarljós stjórnunar- og verndaráætlun um framtíðarsýn svæðisins.

Neðangreindar aðgerðir eru annars vegar uppbygging innviða og hins vegar önnur verkefni sem geta verið reglubundnar aðgerðir eða sértækar sem stefnt er að skv. stjórnunar- og verndaráætlun.

Umhverfisstofnun er ábyrgðaraðili aðgerðanna. Þær eru áætlaðar með fyrirvara um að fjármagn til framkvæmda fáiist hverju sinni.



# Uppbygging innviða

Aðrar aðgerðir sem styðja  
við stefnu um  
landslagsverndarsvæði  
norðan Dyrfjalla og  
náttúruvættið Stóruð.

# Uppbygging innviða

- Byggja upp aðkomuleið að Stóruð sem fær er léttum ökutækjum á borð við sexhjólum. Stefnt er á að leið frá Vatnsskarði (9 á korti ferðamálahóps Borgarfjarðar) verði byggð upp og merkt sem neyðaraðkomuleið.
- Útbúið verði svæði þar sem hægt er að athafna sig með björgunartæki og búnað á Mjóadalsvarpi ásamt því að hafa þar hjólaboga til að auðvelda að skilja reiðhjól þar eftir.
- Koma skal upp merkingum um að brottnám steingervinga og friðaðra steinda sé óheimilt.
- Sett verði upp fræðsluskilti við upphaf gönguleiða þar sem gestir eru boðnir velkomnir og farið yfir helstu gönguleiðir, umgengnisreglur og öryggisatriði á friðlýsta svæðinu.
- Sett verði upp skilti við aðkomur að svæðinu sem upplýsi um að komið sé inn á náttúruverndarsvæði.

## Aðrar aðgerðir sem styðja við stefnu svæðisins

### Árleg eða regluleg verkefni

- Ástandsmat verði unnið fyrir áfangastaði ferðamanna og gönguleiðir.
- Árlegir fundir samstarfshóps um málefni verndarsvæðisins skipulagðir af svæðissérfræðingi.
- Landverðir meti þörf fyrir aukna stýringu umferðar gangandi að Stapavík meðan skúmur, og eftir atvikum aðrir fuglar, koma upp ungum við gönguleið.
- Svæðissérfræðingur skipuleggi verkefni sjálfbóðaliða.
- Stikuðum gönguleiðum skal vel við haldið og þær yfirfarnar.
- Um veiðar á ágengum dýrategundum fer samkvæmt ákvörðunum og framkvæmd sveitarfélagsins. Svæðissérfræðingur leitast við að hafa upplýsingar um gang veiðanna.
- Landverðir vakti framgang framandi ágengra tegunda plantna og skal stuðla að upprætingu þeirra eftir þörfum.

### Önnur verkefni

- Áætlun verði unnin um uppbyggingu gönguleiða innan svæðisins.
- Áætlun verði unnin um þörf og uppbyggingu hjólreiðaleiða innan svæðisins.
- Staðsetja og skrásetja lendingarstaði björgunarþyrlna með staðsetningu, hæð yfir sjávarmáli og mögulegum lendingarstefnum.
- Öryggisáætlun friðlýstra svæða staðfærð og uppfærð eftir þörfum.



UMHVERFIS  
STOFNUN